



Reykjavík, 23. desember 2024

MSS24040130

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis og bústaðahverfis:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði úttekt á götuumhverfi Safamýrar og bílastæðaplönnum við götuna með hliðsjón af öryggi óvarðra vegfarenda, sérstaklega ungra barna og unglinga, sem eiga leið um götuna til og frá skóla, leikskóla, frístund og íþróttum. Horft verði til hvaða mögulegu aðgerða megi grípa til að draga úr gegnumakstri og umferðarhraða í Safamýri og bæta og fjölga þverunum yfir götuna.

Greinargerð fylgdi tillögu:

Greinargerð:

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis telur mikilvægt að umhverfi Safamýrar verði skoðað með tilliti til umferðaröryggis og bættrar ásýndar götunnar sem grænt og lifandi borgarumhverfi. Sérstaklega þyrfti að rýna göngu- og aðkomuleiðir nemenda í Álftamýrarskóla og Álftaborg sem og íþróttaiðkenda á íþróttasvæði Víkings í Safamýri. Vel færi á því að göturými Safamýrarinnar yrði endurskoðað sem ein heild þar sem áherslan yrði á aukinn gróður og bættrar þveranir fyrir unga sem aldna vegfarendur. Samhliða yrði núverandi fjöldi bílastæða og útfærsla þeirra tekin til skoðunar m.t.t. mögulegrar aukinnar samnýtingar á bílastæðum fyrir þá fjölbreyttu skóla- og íþróttastarfsemi sem er við götuna.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 8. maí 2024.

### Umsögn:

Fylgst er með aðstæðum m.t.t. umferðaröryggis í Safamýri líkt og öðrum götum í nágrenni við grunnskóla borgarinnar. Gönguleiðir skólabarna hafa verið kortlagðar, fylgst er með hraðamælingum, slyasögu og ábendingum sem berast. Unnið er út frá forgangsroðun umferðaröryggisáætlunar þar sem megin áherslan er á koma í veg fyrir alvarleg sly og þá sérstaklega á börnum. Þrátt fyrir að stór bílþlön við Safamýri dragi úr vistleika hennar þá eru aðstæður m.t.t. umferðaröryggis ekki þannig að tilefni sé út frá umferðaröryggi að taka götuna sérstaklega fyrir í heildstæða úttekt.



Reykjavík



Á síðustu tíu árum (2014-2023) er eitt umferðarslys skráð á Safamýri þar sem einhver meiðist þegar ekið var á 10 ára dreng á hjóli. Eitt óhapp í viðbót var þegar ekið var á hjólreiðamann við innkeyrslu en það var án meiðsla. Önnur umferðaróhöpp sem skráð eru hafa orðið eru þar sem ökutækjum er ekið á hvort annað eða á fastan hlut, öll án meiðsla. Í borginni eru fjölmargir staðir þar sem gera þarf lagfæringar og úrbætur til að bæta umferðaröryggi. Ekki er talin ástæða, á þessum tímapunkti, til að taka götuna sérstaklega fyrir fram fyrir aðrar sambærilegar götur í borginni.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*



**Reykjavík**